

Peningaþvætti færir mjög í aukana í Svíþjóð - engar skýrslur hér síðan 2008

Eftir

Afbrotatölfræði sænsku lögreglunnar sýnir 30% aukningu í skráðum tilkynningum vegna gruns um peningaþvætti í Svíþjóð á árinu 2010. Hefur aukningin leitt til þess að óskað er eftir nýrri stofnun til að berjast gegn vandamálinu.

Í frétt Svenska Dagbladets um málið segir, að tölur frá sænsku efnahagsbrotalögreglunni (Finanspolisen) sýni að skráðum málum tengdum peningaþvætti hafi fjölgað um 3.000 í alls 12.000 á árinu

Sænsk stjórnvöld sæta gagnrýni fyrir að leggja sig ekki nógu mikið fram um að berjast gegn þessari tegund afbrota og nú leggur Ráðið gegn afbrotum (Brottsförebyggande rådet - Brå) til að komið verði á fót fjármálalegri greiningarmiðstöð með samvinnu sænsku lögreglunnar, tolla- og skattayfirvalda og efnahagsbrotastofnunarinnar (Ekobrottsmyndigheten).

Í skýrslunni kemur einnig fram að af þeim 14.500 fyrirtækjum í Svíþjóð sem ber lögum samkvæmt að gera grein fyrir hugsanlegu peningaþvætti innan vébanda sinna koma 90% upplýsinga frá bönkum, gjaldeyrisskiptafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum sem sinna peningaviðskiptum.

Talið er að látið sé undir höfuð leggjast að tilkynna mörg mál. Frá fyrirtækjum sem að mati yfirvalda stunda starfsemi þar sem sérstök hættu er á peningaþvætti bárust engar tilkynningar á árinu 2010.

Á síðasta ári sendu sex af 1.000 bílasölum, átta af 6.100 fasteignasölum og fimm af 4.117 endurskoðendum tilkynningar um peningaþvætti til yfirvalda. Enginn skattaráðgjafi af 159 sem starfa í Svíþjóð sendi slíka tilkynningu.

Yfirvöld telja að stjórnendur margra fyrirtækja óttist að starfsemi þeirra skaðist af því að senda inn tilkynningu um grun um peningaþvætti. Þá geti verið að stjórnendurnir átti sig hreinlega ekki á því eftir hverju efnahagsbrotalögreglan er að leita með kröfunni um tilkynningarskyldu.

Hinn 19. október 2009 birtist frétt á vefsíðu embættis ríkislögreglustjóra, þar sem sagði:

„Á árinu 2008 bárust peningaþvættisskrifstofu embættis ríkislögreglustjóra alls 520 tilkynningar frá tilkynningarskyldum aðilum. Þetta kemur m.a. fram í skýrslu peningaþvættisskrifstofunnar fyrir árið 2008 sem gefin hefur verið út.

Nær allar tilkynningarnar bárust frá fjármálafyrirtækjum eða 514. Stærsti hluti tilkynninga varðaði fjárhæðir undir 1.000.000 krónur eða 391 tilkynning. Tvær tilkynningar bárust frá endurskoðendum. Engin tilkynning barst vegna gruns um fjármögnun hryðjuverka, en slík

tilkynning hefur aldrei borist. Í inngangi að skýrslunni segir m.a. að mikilvægt sé að íslenskt viðskiptalíf og fjármálakerfi sé meðvitað um hættuna af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Jafnframt skiptir miklu að þessir aðilar geri sér grein fyrir hvernig bregðast beri við þeirri hættu.

„Skortur á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka getur haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir fjármálafyrirtæki og fjármálakerfið í heild og haft veruleg áhrif á orðspor íslensks fjármálamarkaðar og viðskiptalífs,“ segir og í inngangi skýrslunnar.“

Peningabættisskrifstofu ber að gefa út skýrslu árlega um starfsemi sína en ekki hefur enn komið út skýrsla um árin 2009, 2010 eða 2011. Samkvæmt skýrslunni frá 2008 bárust hlutfallslega fleiri tilkynningar hér á landi þá um peningabætti en í Svíþjóð á árinu 2010 miðað við fólksfjölda, sambærilegt hlutfall hér væri um 400 tilkynningar á ári.